



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfjarðarbær,
Strandgötu 6,
Rannveig Einarssdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 27. maí 2015.

Erindi til Fjölskyldusviðs vegna reksturs Frístundaheimilis Hauka að Ásvöllum.

Á liðnum vetri starfræktu Haukar Frístundaheimili fyrir grunnskólabörn í 1. og 2. bekk grunnskóla. Í byrjun skólaárs voru börnin fá en fjölgaði ört, jafnt og þétt, á haustmánuðum. Frá áramótum hafa að jafnaði verið 30 til 34 börn í Frístundaheimilinu. Yfir skólaárið 2014-2015 er samandreginn fjöldi barna í mánuðum talið 257.

Knattspyrnufélagið Haukar hafa lagt mikla áherslu á að öll umgjörð um Frístundaheimlið sé eins og best verður á kosið og að faglega sé staðið að öllum þáttum í rekstri heimilisins. Í því markmiði réðum við til starfa two einstaklinga sem eru menntaðir íþrótt- og heilsufræðingar sem hafa mikla reynslu af störfum með börnum á grunnskólaaldri. Þá var einnig ráðinn til starfa einn ófaglærður einstaklingur.

Óhætt er að segja að Haukar hafi fengið dýrmæta reynslu við rekstur Frístundaheimilisins á liðnum vetri sem mun nýtast vel á næsta skólaári. Það er einnig ánægjulegur vitnisburður um starfið í vetur að nú þegar hefur verið óskað eftir vist fyrir 37 börn næsta haust og þar af eru 27 börn sem voru í vetur í Frístundaheimilinu.

Faglegur rekstur Frístundaheimilis Hauka gekk í alla staði vel, en strax í upphafi var ljóst að veiki hlekkurinn var fjárhagslegur grunnur rekstrar, yrði eingöngu byggt á hóflegri gjaldskrá, líkt og í Frístundaheimilum sem rekin eru af Hafnarfjarðarbæ. Sá rekstur er niðurgreiddur og því eðlilegt að þeir sem stundi sambærilegan rekstur standi þar á jafnréttisgrunni.

Með vísan til funda undirritaðs með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar, sem og framlagðra gagna, er það ósk Knattspyrnufélagsins Hauka að Hafnarfjarðarbær styrki rekstur Frístundaheimilis Hauka, skólaárið 2014-2015 um kr. 2.570 þúsund. Þá er það ósk Knattspyrnufélagsins Hauka að sem allra fyrst verð gengið til samninga um rekstur Frístundaheimilis Hauka fyrir komandi skólaár.

Virðingarfyllst,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka

Magnus Gunnarsson
framkvæmdastjóri